

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Blönduósbæjar, verslunar- og þjónustusvæði V11.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 13. apríl 2015 breytingu á aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 10. mars 2015.

Í breytingunni felst að landnotkun á lóðinni Garðabyggð 1 er breytt úr íbúðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði V11 þar sem gert er ráð fyrir gistihúsi.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 13. apríl 2015.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 29. apríl 2015